



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 8.12. 2000

Hönnun og ráðgjöf ehf
b.t. Ari Benediktsson
Austurvegi 20
730 Reyðarafirði

Tvöföldun Reykjanesbrautar

Veiðimálastofnun var beðin um álit sitt á áhrifum af tvöföldun Reykjanesbraut á tjarnir við Kúagerði. Því voru tjarnirnar skoðaðar nú nýverið. Um er að ræða 3 tjarnir sem allar eru smáar og grunnar. Tvær tjarnanna er ofan vegar en ein neðan vegar. Tjarnirnar urðu fyrir röskun við gerð núverandi vegar. Tjarnir þessar hafa að geyma ferskvatn, en þó gætir seltuáhrifa í þeim, mest næst sjónum, sem fellur að einhverju leyti í gegnum gljúpt hraunið. Sjávarfalla gætir að hluta í tjörnunum og lyftir sjórinn yfirborði tjarnanna á flóði. Selta í tjörnunum við skoðunina var 1-5 ‰ og var minni í tjörnum fjær sjó. Marfló er í öllum tjörnunum líklega tegundina, *Gammarus duabeni*, sem er sú tegund sem þrífst í lítilli seltu og er að finna í seltulitlu umhverfi t.d. í tjörnum í Hvassahrauni (Agnar Ingólfsson, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, munnlegar upplýsingar). Við tvöföldun brautarinnar yrði fyllt í tjörnina næst sjónum, sem núverandi vegur hefur verið lagður yfir að hluta. Kappkosta ætti að raska tjörnunum ofan vegar sem allra minnst.

Tjarnir, sem þessar og með breytilegri seltubúskap er að finna víðar á þessum slóðum t.d. í Hvassahrauni og svo í kringum Straumsvík. Gæta þarf þess við lagningu brautarinnar ofan Straumsvíkur að tjörnum þar sé ekki raskað og að mengun berist ekki í þær, en þar er að finna einstakt lífríki (samanber Náttúrufræðingurinn 67 (3-4)).

Virðingarfyllst

Sigurður Guðjónsson

Afrit: Hilmar Finnsson, Vegagerð ríkisins

Selta og sýrustig í tjörnum við Kúagerði

Tjörn sjávarmegin vegar

	pH	Leiðni mS	Selta ppt	Hiti °C
Næst sjó	8.6	5,85	4.04	0.3
Að norðan (innstreymi)	8.5	2.98	2.00	3.2
Við veg (innstreymi)	8.1	5.42	5.42	3.7

Tjarnir landmegin vegar

	pH	Leiðni mS	Selta ppt	Hiti °C
Norðurtjörn (stærri)	8.6	5,85	4.04	3.1
Norðurtjörn (innstreymi)	8.1	2.16	1.46	3.8
Suðurtjörn (minni)	8.1	1.28	1.28	3.2